

Endurskoðun tveggja sáttá að beiðni Rapyd Europe hf.

I. Bakgrunnur máls og samantekt

- Með erindi sínu, dags. 25. maí 2023, lagði Rapyd Europe hf. („Rapyd Europe“) fram formlega beiðni til Samkeppniseftirlitsins um að gerðar yrðu tiltekna breytingar á skilyrðum tveggja sáttá sem Rapyd Europe er bundið af. Nánar tiltekið var annars vegar óskað breytinga á sátt, dags. 15. desember 2014, milli Valitors hf. (nú Rapyd Europe) og Samkeppniseftirlitsins (hér eftir „yngri sáttin“), sbr. ákvörðun eftirlitsins nr. 8/2015, *Breytingar á skipulagi og framkvæmd á greiðslukortamarkaði*. Hins vegar var óskað eftir breytingum á sátt, dags. 29. nóvember 2007, milli Greiðslumiðlunar hf. (síðar Valitor hf. og nú Rapyd Europe) og Samkeppniseftirlitsins (hér eftir „eldri sáttin“), sbr. ákvörðun eftirlitsins nr. 4/2008, *Brot Greiðslumiðlunar hf., Kreditkorts hf. og Fjölgreiðslumiðlunar hf. á bannákvæðum samkeppnislaga*, með breytingum skv. ákvörðun nr. 34/2008.
- Í stuttu máli lagði Rapyd Europe til að skilyrði framangreindra sáttá yrðu að mestu felld niður í ljósi ýmissa breytinga sem átt hefðu sér stað frá því að umræddar sáttir voru gerðar. Samkeppniseftirlitið sendi ýmsum keppinautum Rapyd Europe erindið til umsagnar og aflaði einnig viðbótarupplýsinga frá fyrirtækinu. Sjónarmið umsagnaraðila voru mismunandi en m.a. kom fram áhersla á að ákvæðum um aðskilnað milli færsluhirðingar og útgáfuvinnslu innan Rapyd Europe yrði viðhaldið.
- Eftir að umsagnir og viðbótarupplýsingar höfðu borist áttu sér stað samskipti um erindið milli fyrirtækisins og Samkeppniseftirlitsins sem leiddu til þess að Rapyd Europe endurskoðaði fyrri breytingatillögu sína og sendi eftirlitinu bréf, dags. 19. október 2023, sem innihélt uppfærða tillögu að breytingum á umræddum sáttaskilyrðum. Sú tillaga fól í sér mun afmarkaðri breytingar en lagt var upp með í upphaflegri tillögu fyrirtækisins, dags. 25. maí 2023. Með hinni uppfærðu breytingatillögu hafði fyrirtækið tekið mið af sjónarmiðum sem Samkeppniseftirlitið hafði reifað í samskiptum við fyrirtækið eftir umsagnarferlið.
- Í ljósi þess að eignarhald og ýmislegt í markaðsumhverfi Rapyd Europe hefur breyst töluvert á síðustu árum er ljóst að sumar forsendur sem lágu til grundvallar ýmsum skilyrðum sem er að finna í framangreindum sáttum hafa breyst með þeim hætti að viðkomandi ákvæði hafa því ekki lengur þýðingu. Að mati Samkeppniseftirlitsins er því bæði málefnalegt og viðeigandi að fella niður slík ákvæði til að skýrari rammi skapist utan um þá verndarhagsmuni sem áfram er mikilvægt að tryggja. Jafnframt er viðeigandi að meta hvort tilefni sé til að gera breytingar á þeim skilyrðum sem eftir standa í ljósi þróunar á markaði frá því að sáttirnar voru gerðar. Í þessu sambandi má benda á að laga- og regluumhverfið hefur tekið breytingum vegna innleiðingar á *reglugerð ESB nr. 2015/751, um milligjöld fyrir kortatengdar greiðslur* (sbr. lög nr. 31/2019) og



innleiðingar laga nr. 114/2021 um greiðsluþjónustu. Jafnframt hafa stóru viðskiptabankarnir þrír allir selt sig að fullu út úr Valitor (nú Rapyd Europe) og Borgun (nú Teya). Þá hefur skipulag og framkvæmd á markaðnum tekið að öðru leyti umtalsverðum breytingum, einkum samanborið við þær aðstæður sem uppi voru þegar ákvörðun nr. 4/2008 var tekin.

5. Í samræmi við framangreint hafa öll þau skilyrði úr framangreindum eldri sáttum sem enn hafa þýðingu verið sameinuð í nýrri heildarsátt sem fram kemur í lok þessarar ákvörðunar í ákvörðunarorðum. Þannig er að formi til um að ræða nýja sátt á grunni hinna eldri satta. Meginefni heildarsáttarinnar felur áfram í sér ítarlegar kvaðir um aðskilnað færsluhirðingar og útgáfuvinnslu sem var að finna í yngri sáttinni. Samhliða endurskoðun efnisákvæða hefur orðalag verið uppfært og breytt til skýrari vegar þar sem það á við. Samhliða gildistöku hinnar nýju heildarsáttar falla úr gildi allar kvaðir umræddra eldri satta sem hvílt hafa á Rapyd Europe.
6. Að mati Samkeppniseftirlitsins ætti hin nýja heildstæða umgjörð um skilyrðin að auðvelda bæði Rapyd Europe, Samkeppniseftirlitinu og hagsmunaaðilum yfirsýn um þau skilyrði sem í gildi eru og þannig styðja við bæði framfylgni og framfylgd með skilyrðunum.
7. Svo sem framan greinir tekur hin nýja heildarsátt gildi eftir að talsverðar breytingar hafa átt sér stað í samkeppnisumhverfinu á markaðnum. Í því sambandi má m.a. nefna eftirfarandi:
 - Sú innviðaumgjörð og viðskiptahættir sem giltu um greiðslukortastarfsemi hérlendis þegar eldri sáttin var gerð hefur tekið miklum breytingum. Sú markaðsskipting eftir kortavörumerkjum sem var í gildi á því skilgreinda brotatímabili sem eldri sáttin tók til er ekki lengur við lýði, Fjölgreiðslumiðlun er nú alfarið í eigu Seðlabankans og heitir nú Greiðsluveitan, og hin svonefnda Rás-nefnd, sem lék stórt hlutverk í því samráði sem fjallað var um í ákvörðun nr. 4/2008, er ekki lengur við lýði.
 - Eignarhald á Valitor (nú „Rapyd Europe“) og Borgun (nú „Teya“) hefur gjörbreyst. Stóru viðskiptabankarnir sem áttu þessi félög saman, hafa selt alla hluti sína í fyrirtækjunum. Eru þau nú bæði í eigu erlendra aðila.
 - Einnig hafa ýmsar breytingar átt sér stað á stofnanaumgjörðinni frá því að yngri sáttin var gerð. M.a. hefur reglugerð ESB nr. 2015/751, um milligjöld fyrir kortatengdar greiðslur, sbr. lög nr. 31/2019, verið lögfest og ný lög um greiðsluþjónustu tekið gildi, þ.e. lög nr. 114/2021.
 - Valitor og Rapyd Europe sameinuðust árið 2022 og heimilaði Samkeppniseftirlitið samrunann á grundvelli skilyrða sem sameinað fyrirtæki skuldbatt sig til að fylgja, samkvæmt sátt við eftirlitið. M.a. þurfi sameinað félag að selja frá sér færsluhirðingarsamninga sem stóðu undir meiri markaðshlutdeild en Rapyd Europe hafði þegar samruninn átti sér stað.
 - Við samrunann kom nýr keppinatur, Kvika banki hf. („Kvika“) fram á markaðnum sem keypti keypti umrædda færsluhirðingarsamninga og veitir nú færsluhirðingarþjónustu sem svonefndur greiðsluliðkandi gegnum dótturfélag sitt Straum greiðslumiðlun hf. („Straumur“). Var samkeppnislegt sjálfstæði Kviku sem keppinauts á markaðnum sérstaklega tryggt með ítarlegum sáttaskilyrðum sem fram koma í ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins nr. 13/2022, *Samruni Rapyd og Valitors* og 14/2022, *Kaup Kviku banka á færsluhirðingarsamningum af sameinuðu félagi Rapyd og Valitors*. Var það nauðsynlegt í ljósi þess að Kvika hefur ekki eigið aðalleyfi frá alþjóðlegu kortafélögunum og heimilað var að sameinað félag Rapyd Europe og Valitors veitti Kviku tiltekna þjónustu



tímabundið, einkum á sviði tæknilegrar framkvæmdar og uppgjörs gagnvart alþjóðlegu kortafélögunum.¹

- Með gerð sáttar við Samkeppniseftirlitið skuldbatt Kvika sig m.a. til þess að færa framangreind þjónustukaup sín fyrir tiltekin tímamörk frá Rapyd Europe til annars þjónustuveitanda sem ekki er umsvifamikill færsluhirðir á íslenska markaðnum. Í samræmi við það hefur Kvika gert samning um að einn stærsti færsluhirðir Evrópu, hollenska fjártæknifyrirtækið Adyen, taki við þjónustuhlutverki Rapyd Europe gagnvart Kviku. Ráðgert er að sú yfirfærsla hefjist á næstunni.
 - Þá hafa tveir nýir keppinautar hafið starfsemi á færsluhirðingarmarkaði á síðustu misserum, þ.e. Landsbankinn hf. annars vegar og Fjárflæði ehf. í samstarfi við Nets/Nexi Group hins vegar. Þá virðist Teya (áður SaltPay og þar áður Borgun) nú keppa um viðskiptavinum af meiri þrótti en síðustu tvö ár eftir nokkurt umskiptatímabil.
 - Enda þótt fleiri greiðslulausnir séu nú í boði en á fyrri tíð, eiga flestar þeirra það sammerkt að byggja á kortainniðum alþjóðlegu greiðslukortafélaganna. Undantekningar eru fáar og ber þar e.t.v. helst að nefna greiðslulausn Netgíró. Þá liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga sem virðist miða að því að gera Seðlabanka Íslands kleift að skylda viðskiptabanka til að bjóða kortalaus greiðslulausn sem byggja myndi á nýjum innlendum innviðum.
8. Þrátt fyrir þær umtalsverðu breytingar sem orðið hafa í samkeppnisumhverfinu á undanförunum 15 árum, þá er ljóst að færsluhirðing er afar mikilvæg þjónusta enda eru kortatengdar greiðslur sem áður langsamlega algengasti greiðslumátinn hjá söluaðilum á Íslandi.
9. Hinni nýju heildarsátt er fyrst og fremst ætlað að tryggja að Rapyd Europe geti ekki notið samkeppnisforskiðs á markaði/mörkuðum fyrir færsluhirðingu hérlendis á grundvelli hlutverks síns sem útgáfuvinnsluáðili fyrir ýmsar helstu innlánsstofnanir landsins. Þau ákvæði sáttarinnar sem ekki miða að þessu markmiði lúta í aðalatriðum almennt að því að styrkja samkeppnislegar undirstöður markaðarins í ljósi framangreinds hlutverks Rapyd Europe á sviði útgáfuvinnslu.
10. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir mati og niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins varðandi það hvort og hvaða breytingar málefnalegt sé að gera á framangreindum sáttum.²

II. Umfjöllun og niðurstaða

11. Eins og rakið er hér að framan hafa Rapyd Europe og Samkeppniseftirlitið gert með sér nýja heildarsátt á grunni hinna endurskoðuðu sáttanna. Í hinni nýju heildarsátt koma fram öll þau skilyrði úr viðkomandi sáttum sem enn hafa þýðingu þrátt fyrir þær breytingar sem átt hafa sér stað á markaðnum og í markaðsumhverfinu.
12. Endurskoðun yngri sáttarinnar á sér sérgreinda stoð í 5. gr. hennar þar sem segir m.a. að verði einhverjar breytingar í starfs- og/eða markaðsumhverfi Valitors (nú Rapyd Europe) sem geta haft áhrif á þá þætti sem fjallað er um í sáttinni séu aðilar sammála um að nauðsynlegt sé að taka til athugunar hvort rétt sé að gera breytingar á fyrirmælum sáttarinnar. Ennfremur segir í 5. gr. sáttarinnar að að fengnu erindi frá Valitor skuli Samkeppniseftirlitið taka rökstudda

¹ Hin tímabundna þjónusta sem Rapyd Europe hefur veitt Kviku hefur stuðlað að því að yfirfærsla viðskiptasambandanna og þjónusta Kviku við söluaðila í framhaldi af sölu færsluhirðingarsamninganna gangi hnökralaust fyrir sig á umskiptatímabili.

² Þar sem beiðni Rapyd Europe um endurskoðun framangreindra sáttanna hefur lokið með gerð nýrrar heildarsáttar sem báðir aðilar hafa undirritað, telur Samkeppniseftirlitið ekki þörf á að rekja sérstaklega sjónarmið og röksemdir Rapyd Europe fyrir breytingum á umræddum sáttum.



afstöðu til þess hvort nauðsynlegt sé að viðhalda hvaða skilyrði sem er í sáttinni. Slíkt erindi frá Valitor skuli berast í fyrsta lagi þremur árum eftir gildistöku sáttarinnar.

13. Í 1. gr. téðrar sáttar er gerð grein fyrir þeim brotum sem Valitor viðurkenndi í sáttaviðræðum í aðdraganda þess að sáttin var undirrituð og í 3. mgr. 6. gr. er kveðið á um að lyktir rannsóknarinnar séu endanlegar. Efnisatriði sáttanna komust sum til framkvæmda þegar í stað eða fljótlega eftir undirritun sáttanna, s.s. greiðsla stjórnvaldssekta, sbr. 4. gr. Öðrum skilyrðum var hins vegar ætlað að gilda meðan forsendur breyttust ekki með þeim hætti að þau ættu ekki lengur við. Þau ákvæði hafa því verið bindandi fyrir Valitor og þar af leiðandi fyrir Rapyd Europe eftir samrunann við Valitor.
14. Af framangreindu eðli og efni yngri sáttarinnar leiðir að ekki getur komið til niðurfellingar á sáttinni í heild sinni. Meðal annars er ekki unnt að fella úr gildi ákvæði er fela í sér viðurkenningu brota. Þau eru varanleg niðurstaða. Hins vegar er eðlilegt og í samræmi við ákvæði 5. gr. sáttarinnar og VI. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 að mat sé lagt á það hvort forsendur þær er lágu til grundvallar setningu bindandi skilyrða sáttarinnar hafi breyst með slíkum hætti að rök standi til þess að gera breytingar á einstökum bindandi skilyrðum eða jafnvel fella þau úr gildi.
15. Á sama grundvelli er heldur ekki unnt að fella niður eldri sáttina í heild sinni en málefnalegt er að lagt sé mat á hvort forsendur hafi breyst þannig að ekki sé lengur ástæða til að viðhalda einstökum bindandi ákvæðum eða hvort málefnalegt sé að gera breytingar á þeim.
16. Í sumum tilvikum getur verið um það að ræða að forsendur sem eru tilgreindar í einstökum ákvæðum hafi breyst með þeim hætti að viðkomandi sáttarskilyrði hafi ljóslega ekki lengur efnislega þýðingu og séu því ekki lengur skuldbindandi fyrir Rapyd Europe. Dæmi um slíkt er að finna í yngri sáttinni, þ.e. gr. 2.1 og einnig í gr. 5. Vikið er að þessu hér aftar.
17. Eldri sáttin, sem gerð var fyrir liðlega 16 árum, ber þess merki að hún er komin til ára sinna. Er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé lengur efnislegur grundvöllur fyrir flestum ákvæðum hennar eins og nánar verður gerð grein fyrir hér aftar. Þau ákvæði eldri sáttarinnar sem enn hafa þýðingu hafa ákveðna efnislega tengingu við þau ákvæði yngri sáttarinnar sem þörf er á að viðhalda áfram. Ljóst er því að með því að sameina þau bindandi ákvæði þessara tveggja satta sem enn hafa þýðingu í eina heildarsátt er unnt að skapa skýrari heildarramma utan um þær skuldbindingar sem áfram skulu hvíla á Rapyd Europe á grundvelli þessara tveggja satta. Slíkt auðveldar Rapyd Europe, Samkeppniseftirlitinu og öðrum haghöfum yfirsýn um þær skuldbindingar sem á fyrirtækinu skulu áfram hvíla á grundvelli þessara tveggja satta.
18. Við gildistöku nýju sáttarinnar falla þær kvaðir framangreindra satta sem bundið hafa Rapyd Europe fram til þessa úr gildi enda koma þau ákvæði úr þeim sem enn hafa þýðingu fram í nýju sáttinni. Eru viðkomandi eldri kvaðir felldar úr gildi með sérstakri grein í nýju heildarsáttinni.
19. Verður nú fjallað um þau ákvæði sem hafa verið í gildi í umræddum sáttum og rökstutt hvaða ákvæði hafi enn þýðingu og hvort tilefni sé til að fella einstök ákvæði niður eða gera á þeim breytingar.

1. Niðurstaða endurskoðunar á ákvæðum yngri sáttarinnar

1.1. Ákvæði 1. gr.

20. Ákvæði 1. gr. felur ekki í sér virka skuldbindingu heldur felur það í sér lýsingu á viðurkenndum brotum Valitors og yfirlýsingu félagsins þar um sem var staðfest með undirritun sáttarinnar. Eðli



máls samkvæmt er ekki hægt að breyta eða fella niður ákvæði 1. gr. sáttarinnar og þar með ekki heldur sáttina sjálfa í heild sinni.³

1.2. Ákvæði gr. 2.1

21. Grein 2.1 lýtur að hámarkshlutfalli milligjalda vegna greiðslna með neytendagreiðslukortum VISA og MasterCard. Til nánari glöggvunar skal hér vitnað í eftirfrandi skýringu við þessa grein sem fram kemur í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2015, *Breytingar á skipulagi og framkvæmd á greiðslukortamarkaði*:

„Í grein 2.1 er kveðið á um að milligjöld sem greidd eru íslenskum útgefendum vegna notkunar neytendagreiðslukorta (e. consumer cards) skuli ekki vera hærra en 0,20% í tilviki debetkorta og ekki hærra en 0,60% í tilviki kreditkorta. Miðast þessi hámark við virði hvernar færslu þ.a. ekki er um vegið meðaltal að ræða. Er útgefendum þannig óheimilt að taka við hærra milligjöldum eftir að ákvæðið hefur tekið gildi. Taka þessi hámarksmilligjöld til viðskipta hjá íslenskum söluaðilum þegar greitt er með VISA, VISA Electron, MasterCard og Maestro greiðslukortum. Með þessu tekið skref í átt að því að draga úr vægi þóknunar sem leggst að hluta til á neytendur með ógagnsæjum hætti í formi hærra vöruverðs og um leið stuðlað að aðlögun að ákvæðum reglugerðar ESB um hámarksmilligjöld sem búast má við að taki gildi hér á landi innan tíðar á grundvelli skuldbindinga Íslands skv. EES-samningnum.“

22. Með innleiðingu og gildistöku reglugerðar ESB nr. 2015/751, um milligjöld fyrir kortatengdar greiðslur, sbr. lög nr. 31/2019, hefur ákvæði 2.1 í sáttinni ekki lengur samkeppnislega þýðingu enda kemur fram í niðurlagi greinar 2.1 að ef fyrirhuguð [þá] reglugerð ESB um milligjöld í greiðslukortaviðskiptum taki gildi hér á landi, á grundvelli skuldbindinga skv. EES-samningnum, þá gangi hámark þeirrar reglugerðar framur þeim hámarkum sem tilgreind séu í sáttinni.

23. Þar sem ákvæði 2.1 hefur ekki lengur samkeppnislega þýðingu né skuldbindandi gildi, þá er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ákvæðið falli niður og verði ekki hluti af nýrri heildarsátt Rapyd Europe og Samkeppniseftirlitsins.

1.3. Ákvæði gr. 2.2

24. Í grein 2.2 kemur fram að í því skyni að tryggja að lækkun milligjalda skili sér í lægri söluaðilapóknunum skuldbindi Valitor sig til þess að lækka söluaðilapóknanir sínar til samræmis við þá lækkun milligjalda sem leiðir af innleiðingu hámarka fyrir milligjöld á Íslandi. Er skírskotað til gr. 2.1 í þessu sambandi.

25. Eftir gildistöku sáttarinnar komu ekki fram vísbendingar sem gáfu til kynna að Valitor hefði ekki efnt þessa skuldbindingu sáttarinnar m.v. þau hámark sem Samkeppniseftirlitið innleiddi. Var það meðal verkefna kunnáttumanns sem skipaður var á grundvelli sáttarinnar að fylgjast með framfylgni Valitors við þetta ákvæði.

26. Í þessu sambandi má einnig benda á að umrædd reglugerð ESB felur í sér talsvert lægri hámark milligjalda fyrir kreditkort en kveðið var á um í sáttinni, enda var sáttin að þessu leyti hugsuð sem aðlögun að umræddum hámarkum reglugerðarinnar. Í aðdraganda þess að reglugerð ESB var innleidd með tilheyrandi komu fram vísbendingar um að verðsamkeppni milli færsluhirða

³ Ef allar þær greinar sáttarinnar sem fela í sér virkar skuldbindingar yrðu hins vegar felldar niður, þá þyrfti Rapyd Europe vitanlega ekki að huga að sáttinni framvegis þótt þessi grein standi óbreytt.



hefði aukist enda horfur á því að kostnaður þeirra í formi milligjalda myndi lækka talsvert við lögfestingu reglugerðarinnar hérlendis.

27. Með vísan til framangreinds telur Samkeppniseftirlitið að ekki sé lengur fyrir hendi grundvöllur til að viðhalda þessu ákvæði sem sérstakri skuldbindingu í hinni nýrri heildarsátt milli Rapyd Europe og Samkeppniseftirlitsins.

1.4. Ákvæði gr. 2.3

28. Grein 2.3 felur í sér ákvæði sem líta má á sem sérgreinda áréttingu á bannákvæði 10. og 12. gr. samkeppnislaga. Í greininni er þannig kveðið á um að Valitor skuli ekki eiga aðild að beinni eða óbeinni samræmingu milligjalda eða annarra þóknana, með útgefendum greiðslukorta, sem m.a. leggjast á söluaðila gegnum þóknun færsluhirða hjá söluaðilum vöru og þjónustu.⁴ Jafnframt er kveðið á um að Valitor skuli ekki eiga aðild að beinni eða óbeinni samræmingu skilmála eða viðskiptakjara korthafa, hverju nafni sem kunna að nefnast, með útgefendum greiðslukorta.⁵
29. Að mati Samkeppniseftirlitsins hafa ekki komið fram næg rök af hálfu Rapyd Europe sem styðja niðurfellingu þessa skilyrðis. Þannig dugar að mati eftirlitsins ekki að vísa til þeirra breytinga sem átt hafa sér stað í samkeppnisumhverfinu því kortagreiðslur og færsluhirðing á þeim leika lykilhlutverk í greiðsluþjónustu nú sem fyrr. Hafa ber í huga að skilyrði þetta á rót að rekja til alvarlegra brota sem lutu að ákvörðun milligjalda og úthlutun vildarpunkta, sbr. umfjöllun í kafla IV-6 í ákvörðun nr. 8/2015, *Breytingar á skipulagi og framkvæmd á greiðslukortamarkaði*. Í þessu sambandi telur Samkeppniseftirlitið mikilvægt að hafa í huga að niðurfelling ákvæðisins án sérstakra raka myndi senda röng skilaboð út á markaðinn.
30. Í ákvörðun nr. 8/2015 kemur m.a. fram í skýringum við þessa grein að ef skilmálar eða reglur kortasamsteypanna (Visa eða Mastercard) muni stangast á við þetta ákvæði geti Valitor [nú Rapyd Europe] beint erindi til Samkeppniseftirlitsins á grundvelli endurskoðunarákvæðis sáttanna.⁶ Einnig kemur fram í ákvörðun nr. 8/2015 að samræmt verklag geti verið gagnlegt eða nauðsynlegt m.t.t. endurkröfuréttis korthafa, öryggismála, neyðarþjónustu og sviksamlegra færslna, án þess að það skaði samkeppni. Með hliðsjón af þessu hefur bannákvæði greinarinnar verið einfaldað í nýju heildarsáttinni. Tekur bannið nú aðeins til samræmingar þóknana en ekki jafnframt til samræmingar skilmála.
31. Er þannig í þessu sambandi í hinni nýju heildarsátt tekið mið af því að ákveðin samræming getur átt rétt á sér og leitt af reglum alþjóðlegu greiðslukortafyrirtækjanna (Visa og/eða Mastercard). Þetta breytir þó ekki því að samræming skilmála getur komið til skoðunar á grundvelli 10. gr. samkeppnislaga og felur þessi einföldun greinarinnar því ekki í sér neins konar undanþágu frá hinu almenna samráðsbanni samkeppnislaga sem fram kemur í 10. gr laganna.
32. Í hinni nýju heildarsátt kemur umrætt ákvæði fram undir gr. 6. Felur bannið sem fram kemur í greininni í sér sjálfstæða kvöð umfram ákvæði 10. og 12. gr. samkeppnislaga.

⁴ Tekið er fram að þetta taki ekki til aðkomu Valitors að lækkun milligjalda skv. gr. 2.1.

⁵ Utan ákvæðis þessa fellur ráðgjöf Valitors um þann hluta skilmála er fjallar um endurkröfurétt korthafa, öryggismál, neyðarþjónustu og mál sem snúa að sviksamlegum færslum. Einnig skal í þessu sambandi minnt á ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 34/2020 *Undanþága fyrir samstarfi færsluhirða um þróun úrlausnar vegna staðlamisræmis*.

⁶ Tekið er fram í þessu sambandi að það sé hins vegar engan veginn sjálfgefið að Samkeppniseftirlitið muni veita vilyrði fyrir því að sérhvert samræmingarákvæði sem kortasamsteypurnar kunna að gera kröfu um taki fortakslaust gildi hérlendis.



1.5. Ákvæði gr. 2.4

33. Í grein 2.4 er kveðið á um aðskilnað á milli færsluhirðingar og útgáfubjónustu innan Valitors. Útfærslan er allitarleg eins og ráða má af því að greinin samanstendur inngangi og sjö undirgreinum.
34. Í upphaflegu erindi sínu, dags. 25. maí 2023, lagði Rapyd Europe áherslu á að létt yrði á þeim kvöðum sem hvílt hafa á fyrirtækinu um aðskilnað milli færsluhirðingar og útgáfuvinnslu. Í erindinu var kallað eftir að ákvæði greinar 2.4 um aðskilnað yrðu felld niður en féllist Samkeppniseftirlitið ekki á niðurfellingu aðskilnaðarskilyrðanna, lagði Rapyd Europe til að kvöðin yrði einfölduð til mikilla muna.
35. Í samskiptum við Rapyd Europe í framhaldi af móttöku erindisins og greiningu á efni þess eftir umsagnarferli lýsti Samkeppniseftirlitið því frumáliti gagnvart Rapyd Europe að afar ósennilegt væri að unnt yrði að verða við þeirri beiðni að fella ákvæðið niður og að sú tillaga að breyttri útfærslu aðskilnaðarins sem fram kæmi í lok erindisins tæki ekki nægt mið af öllum þeim þáttum sem máli skipta í þessu sambandi.
36. Meginástæða þess að ekki er unnt að fallast á niðurfellingu aðskilnaðarskilyrðanna er sú að Rapyd Europe er kleift, á grundvelli hlutverks síns sem útgáfuvinnsluaðili fyrir Landsbankann hf., Arion banka hf., Kviku banka hf. og sparisjóðina á landsbyggðinni, að greina markaðinn fyrir færsluhirðingu hjá íslenskum söluaðilum mun betur en keppinautar félagsins. Þannig er að finna víðtækar kortafærsluupplýsingar í útgáfukerfum félagsins sem gera Rapyd Europe kleift að áætla hvernig færsluhirt velta og milligjöld vegna notkunar útgefna korta framangreindra banka og sparisjóða greinist eftir færsluhirðum. Þar af leiðandi er félagið í betri stöðu en keppinautar til að greina þróun markaðshlutdeildar einstakra keppinauta á markaði fyrir færsluhirðingu hjá íslenskum söluaðilum. Einnig ættu þessar upplýsingar að auðvelda Rapyd Europe að áætla kortaveltuna hjá einstökum söluaðilum.⁷ Á sama grundvelli getur Rapyd Europe öðlast betri yfirsýn en keppinautarnir um það hvaða færsluhirðir annast færsluhirðingu hjá hvaða söluaðila.⁸ Skiptir máli í þessu sambandi að upplýsingarnar í útgáfukerfum Rapyd Europe berast jafnóðum og viðskipti eiga sér stað og standa rök til þess að þær séu því samkeppnislega þýðingarmeiri en ella.
37. Hafa ber í huga í þessu sambandi að skilyrði þessi voru sett með hliðsjón af ýmiss konar háttsemi Valitors sem var til rannsóknar í því máli er leiddi til ákvörðunar nr. 8/2015 og með hliðsjón af því hvernig Valitor nýtti upplýsingar úr útgáfukerfum um viðskiptavini Kortabjónustunnar til að ná viðskiptasamningum við þá, sbr. umfjöllun í ákvörðun nr. 8/2013, *Misnotkun Valitors hf. á markaðsráðandi stöðu og brot gegn ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008*.
38. Frekari samskipti áttu sér stað milli Samkeppniseftirlitsins og Rapyd Europe um erindið og ákvað Rapyd Europe í framhaldi af þeim að senda uppfært erindi þar sem tekið væri meira mið af þeim sjónarmiðum sem Samkeppniseftirlitið hafði sett fram, einkum að því er varðar aðskilnaðarskilyrðið, til að flýta fyrir ásættanlegri niðurstöðu.
39. Með uppfærðri breytingatillögu Rapyd Europe sem fram kemur í bréfi fyrirtækisins, dags. 19. október 2023, til Samkeppniseftirlitsins, var einkum horfið frá stórfelldum niðurfellingum á ákvæðum aðskilnaðargreinarinnar. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að sú útfærsla á

⁷ Í Creditinfo er hægt að nálgast ársreikninga einstakra fyrirtækja og sjá hverjar sölutekjur þeirra hafa verið á liðnu ári en dæmi eru um að rekstrarreikningar séu birtir í styttri útgáfu þar sem m.a. sölutekjur eru ekki sýndar. Upplýsingarnar eru jafnan eldri og því ekki að öllu leyti eins nytsamlegar og þær samtíðarupplýsingar um færsluhirta veltu sem Rapyd sem útgáfuvinnsluaðili hefur aðgang að.

⁸ Upplýsingar um færsluhirði koma fram á kassakvittun en sú yfirsýn sem um ræðir sparar tíma og fyrirhöfn.



aðskilnaðinum sem tillagan felur í sér sé að mestu leyti ásættanleg en hefur Samkeppniseftirlitið þó lagt til ýmsar viðbætur til að styrkja útfærsluna og hefur Rapyd Europe fallist á þær viðbætur. Jafnframt hefur orðalag ákvæðanna verið uppfært sums staðar í því skyni að gera það skýrara og hnitmiðaðra. Í þessu skyni eru ýmis hugtök sem tengjast ákvæðum um aðskilnaðinn skilgreind sérstaklega í upphafi hinnar nýju heildstæðu sáttar.

40. Í hinni nýju heildarsátt eru litlar breytingar gerðar á efni aðskilnaðargreinarinnar samanborið við þá útfærslu hennar sem birtist í ákvörðun nr. 8/2015. Greinin er áfram í nokkrum undirgreinum en orðalag hefur verið endurbætt til að auka skýrleika sem auðveldar framfylgni og framfylgd með skilyrðunum, Rapyd Europe, Samkeppniseftirlitinu og keppinautum til hagsbóta.
41. Helsta efnisbreytingin er sú að ekki er lengur gerð krafa um að starfsemi útgáfuvinnslu fari fram í aðskildu vinnurými innan fyrirtækisins. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins, að teknu tilliti til meðalhófsreglu, að ekki sé nauðsynlegt að aðgreina útgáfuvinnslu í húsnæði enda er sala og markaðssetning (þ.m.t. verðlagning) færsluhirðingar áfram aðskilin í húsnæði og hafa starfsmenn hennar ekki aðgang að annarri starfsemi Rapyd Europe.⁹
42. Þá eru ýmis þýðingarmikil afmarkandi ákvæði eftir sem áður áfram í gildi gagnvart útgáfuvinnslunni, einkum ákvæði er lúta að rafrænu aðgengi að viðkvæmum viðskiptaupplýsingum og varðveislu slíkra upplýsinga. Einnig skiptir máli í þessu sambandi að Rapyd Europe er ekki beinn útgefandi greiðslukorta á Íslandi, þ.m.t. gjafakorta og sérkorta, heldur hefur fyrirtækið eingöngu tekið að sér hlutverk vinnsluaðila fyrir banka og sparisjóði. Þannig hefur Rapyd m.a. ekki gefið út neins konar kort með beinum samningum við söluaðila samkvæmt gögnum málsins. Þá hefur Rapyd lýst því yfir að fyrirtækið hafi ekki í hyggju að gera breytingar að þessu leyti meðan sáttir við Samkeppniseftirlitið eru í gildi. Dregur þetta úr þörfinni á aðskilnaði í húsnæði gagnvart útgáfuvinnslunni.
43. Í hinni nýju heildarsátt segir m.a. að vinnsla upplýsinga upp úr útgáfukerfum skuli eingöngu vera á færi þess hóps starfsmanna sem tilheyrir „Rapyd útgáfu“.¹⁰ Í ljósi þeirra verndarhagsmuna sem um er að tefla telur Samkeppniseftirlitið þó í lagi að aðrir starfsmenn Rapyd Europe en tilheyra „Rapyd útgáfu“ vinni afmarkaðar upplýsingar um *endurkröfur og vegna færslueftirlits* upp úr tilteknu útgáfukerfi svo framarlega sem sýnt er fram á að viðkomandi útgáfukerfi innihaldi ekki viðkvæmar viðskiptaupplýsingar í skilningi sáttarinnar.¹¹ Áður en til þess kemur þarf Rapyd Europe þó að senda Samkeppniseftirlitinu beiðni þessa efnis ásamt nauðsynlegum upplýsingum um viðkomandi útgáfukerfi. Fallist Samkeppniseftirlitið á slíka beiðni er Rapyd Europe heimilt að uppfæra innri reglur sínar til samræmis við það.¹²
44. Ekki verður hér fjallað sérstaklega um efni einstakra undirgreina aðskilnaðargreinarinnar í hinni nýju heildarsátt enda eru aðrar efnisbreytingar en þær sem hér hafa verið nefndar hverfandi.
45. Rétt er að taka fram hér að í hinni nýju heildarsátt hafa ákvæðin um aðskilnað verið tengd tilteknu ákvæði sem er að finna í eldri sáttinni. Um er að ræða ákvæði sem felur í sér bann við því að Valitor noti upplýsingar sem félagið býr yfir um söluaðila í viðskiptum við keppinauta til

⁹ Í hinni nýju heildarsátt kemur fram í gr. 3.2 að tryggja skuli að starfsmenn Rapyd Iceland hafi ekki aðgang að vinnurými Rapyd Europe vegna annarrar starfsemi, einkum og sér í lagi útgáfubjónustu.

¹⁰ Sjá 3 mgr. gr. 3.4 í hinni nýju heildarsátt. Með Rapyd útgáfu er í nýju heildarsáttinni átt við þá starfsmenn Rapyd Europe (og verktaka) sem nauðsynlega þurfa aðgengi að viðkvæmum útgáfukerfum vegna starfa sinna við útgáfustarfsemi félagsins.

¹¹ Með færslueftirliti er átt við framkvæmd Rapyd Europe á grundvelli laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabvætti og fjármögnun hryðjuverka. Samkvæmt upplýsingum félagsins notar það eftirlitskerfi til að kalla eftir tilteknum upplýsingum úr útgáfukerfum til að greina óvenjulegar eða grunsamlegar færslur. Viðkomandi starfsmenn sem sinna eftirlitinu sjá eingöngu einstaka flaggaðar færslur korthafa en ekki allar færslur söluaðila.

¹² Í 1. mgr. gr. 3.5 í hinni nýju heildarsátt er kveðið á um innri reglur.



markaðsaðgerða gegn keppinautunum. Slíkar upplýsingar geta myndast hjá útgáfubjónustunni og því er þetta ákvæði náskyldt aðskilnaðarákvæði yngri sáttarinnar. Ný grein á grunni umrædds bannákvæðis hefur verið innleidd í hina nýju heildarsátt og er hún nr. 2 í nýju sáttinni. Hljóðar hún svo:

„Rapyd Europe er óheimilt að vinna og nýta viðkvæmar viðskiptaupplýsingar er lúta að keppinautum í færsluhirðingu sem félagið hefur aðgang að og getur unnið úr útgáfukerfum, hvort sem er til markaðsaðgerða eða annarra nota í færsluhirðingarstarfsemi sinni, til að ná samningum við söluaðila sem eru í færsluhirðingarviðskiptum við keppinauta.“

46. Nánar er fjallað um þessa grein hér aftar. Í nýju heildarsáttinni er í upphafi aðskilnaðargreinarinnar skírskotað til þessarar greinar og skilyrðin þannig tengd saman enda lúta þau bæði að sömu verndarhagsmunum.
47. Í hinni nýju heildarsátt koma ákvæðin um aðskilnaðinn fram í gr. 3 sem innifelur nokkrar undirgreinar (gr. 3.1-3.6) rétt eins og greinin um aðskilnaðinn í yngri sáttinni.

1.6. Ákvæði gr. 2.5

48. Eins og efnisheiti greinar 2.5 gefur til kynna lýtur hún (og undirgreinar hennar) að samskiptum og þjónustu Valitors við útgefendur greiðslukorta. Í ákvörðun nr. 8/2015 kemur fram að tilgangurinn með grein 2.5 (þ.m.t. undirgreina) sé sá að tryggja viðskiptalegt jafnræði kortaútgefenda (þ.m.t. allra banka og sparisjóða) m.t.t. þjónustu Valitors og Borgunar. Ennfremur sé þeim skilyrðum sem fram koma í grein 2.5, í samhengi við önnur skilyrði í sáttunum við bankana og kortafyrirtækin, ætlað að draga úr sameiginlegum hagsmunahvötum í viðskiptum banka og færsluhirða og stuðla að því að samningagerð, milli bankanna annars vegar, og kortafyrirtækjanna (Valitors og Borgunar) hins vegar, eigi sér eingöngu stað á almennum viðskiptalegum grundvelli (óháð eignarhaldi).¹³
49. Grein 2.5 greinist í allmargar undirgreinar. M.a. segir orðrétt framarlega í upphafi greinar 2.5 næst á undan undirgreinum hennar:

„Meðan Arion banki (hér eftir einnig nefndur eigandi) er meðal hluthafa Valitors skulu eftirfarandi reglur (2.5.1-2.5.7) taka til Valitors.

Selji Arion banki hlut sinn í Valitor til viðskiptabanka eða sparisjóðs gilda eftirfarandi fyrirmæli einnig um samskipti Valitors við slíkan nýjan eiganda.“

50. Nú liggur fyrir að Arion banki hvarf úr eignarhaldi Valitors þegar bankinn seldi hlut sinn í Valitor til móðurfélags Rapyd Europe. Þar af leiðandi er bankinn ekki lengur meðal hluthafa og einnig liggur fyrir að kaupandinn var hvorki viðskiptabanki né sparisjóður. Af þessu leiðir að ákvæði undirgreinanna 2.5.1-2.5.7 hafa ekki lengur gildi með hliðsjón af því sem vísað er til í greininni hér að framan. Við svo búið er einsýnt að ákvæði 2.5.1-2.5.7 geta fallið niður án þess að það breyti þeim kvöðum sem hvíla á Rapyd Europe samkvæmt sáttinni. Koma þar af leiðandi ákvæðin sem tilgreind eru í téðum undirgreinum ekki fram í hinni nýju heildarsátt Rapyd Europe við Samkeppniseftirlitið.

¹³ Ákvæði greinar 2.5 í sáttinni við Valitor voru spegluð í grein 2.5 í sátt Arion banka sem einnig liggur til grundvallar ákvörðun nr. 8/2015.



51. Hins vegar telur Samkeppniseftirlitið það hafa þýðingu að viðhalda efni málsgreina 1 og 2 í grein 2.5 sem fram koma í upphafi greinarinnar (á undan undirgreinum hennar). Í þeim segir orðrétt:
- „Valitor skal tryggja að viðskiptalegar upplýsingar sem tengjast einum viðskiptavini fyrirtækisins í útgáfubjónustu berist ekki öðrum viðskiptavinum fyrirtækisins á þessu sviði, sbr. einnig gr. 2.4.4.*
- Valitor er óheimilt að mismuna útgefendum hvað varðar vinnslubjónustu á sviði útgáfu. Með mismununun er átt við ómálefnalegar viðskiptalegar hindranir sem fela í sér að jafnræði viðskiptavina er ekki virt.“*
52. Hvati til mismununar gagnvart útgefendum ætti nú að vera takmarkaður þar sem engin íslensk innlánsstofnun er meðal eigenda að Rapyd Europe. Engu að síður þykir rétt að viðhalda þessum ákvæðum til áréttingar enda ekki útilokað að eignarhaldið geti breyst í framtíðinni eða ný hagsmunatengsl skapist. Mismunun í þessu sambandi gæti t.d. falist í mis skjótum viðbrögðum við beiðnum um úrlausn vandamála sem upp kunna að koma eftir kortaútgefendum eða að leyst sé úr slíkum beiðnum með misvönduðum hætti eftir kortaútgefendum án þess að það eigi sér málefnalega stoð í samningum eða að öðru leyti.
53. Ofangreindum málsgreinum úr gr. 2.5 er því viðhaldið nánast óbreyttum í hinni nýju heildarsátt sem Rapyd Europe hefur gert við Samkeppniseftirlitið. Í nýju heildarsáttinni koma málsgreinarnar fram undir gr. nr. 4.

1.7. Ákvæði gr. 2.6

54. Í grein 2.6 er kveðið á um að útgáfubjónustu Valitors og öðrum starfsmönnum Valitors sem koma að þjónustu við færsluhirða skuli óheimilt að mismuna færsluhirðum. Fram kemur að með mismununun sé átt við ómálefnalegar viðskiptalegar hindranir sem fela í sér að jafnræði viðskiptavina sé ekki virt. Einnig er kveðið á um að tryggja skuli að upplýsingar tengdar slíkum viðskiptum berist ekki til færsluhirðingar Valitors eða annarra fyrirtækja.
55. Í skýringum við einstök ákvæði í ákvörðun nr. 8/2015 kemur fram að ákvæðinu sé ætlað að tryggja að keppinautar Valitors í færsluhirðingu sem leita til útgáfubjónustu fyrirtækisins um upplýsingar sér viðkomandi eða aðra málefnalega fyrirgreiðslu, njóti málefnalegs jafnræðis í viðskiptum við Valitor á við eigin færsluhirðingu Valitors.
56. Engin sérgreind rök komu fram af hálfu Rapyd Europe gegn því að viðhalda þessu ákvæði. Samkeppniseftirlitið fékk ekki séð að forsendur væru til að breyta eða fella þetta ákvæði niður meðan Rapyd gegnir lykilhlutverki á sviði útgáfuvinnslu fyrir banka og sparisjóði.¹⁴
57. Þriðja skilyrðið í eldri sáttinni á sér talsverða samsvörun í þessu ákvæði yngri sáttarinnar eins og nánar er vikið að hér aftar í umfjöllun um þriðja skilyrði eldri sáttarinnar. Hefur endurskoðun beggja sáttanna því lyktað með þeim hætti að í hinni nýju heildarsátt Rapyd Europe við Samkeppniseftirlitið hefur umrætt þriðja skilyrði eldri sáttarinnar verið sameinað ákvæði greinar 2.6 í yngri sáttinni.
58. Í hinni nýju heildarsátt koma hin sameinuðu ákvæði fram undir grein nr. 5.

¹⁴ Í þessu sambandi má benda á að í máli því er leiddi til setningar þeirra skilyrða sem fram koma í upphaflegu sáttinni við Valitor, höfðu komið fram ásakanir í garð Valitors um ójafnræði milli færsluhirða við úrlausn vandamála sem áttu rót að rekja til útgáfuhliðarinnar eftir því hvort um væri að ræða eigin færsluhirðingu eða færsluhirðingu Kortabjónustunnar.



1.8. Ákvæði 3. gr.

59. Í þessari grein er kveðið á um eftirlit með því að Valitor uppfylli þau skilyrði sem kveðið er á um í sáttinni. Eftir stuttan inngang, greinist gr. 3 í þrjár undirgreinar, þ.e. 3.1, 3.2 og 3.3.
- Í grein 3.1 er kveðið á um innri úttekt, nánar tiltekið úttekt öryggisstjóra á því hvort fyrirmælum um aðskilnað í sáttinni hafi verið fylgt. Í greininni segir að úttektin skuli sérstaklega fela í sér könnun á því hvort aðgangur starfsmanna að vinnurýmum og tölvukerfum hafi verið í samræmi við fyrirmæli sáttarinnar.
 - Í grein 3.2 er kveðið á um skipan óháðs kunnáttumanns til að hafa eftirlit með því að skilyrðum sáttarinnar sé fylgt eftir.
 - Í grein 3.3 er kveðið á um innleiðingu samkeppnisréttaráætlunar en sú grein verður sjálfstæð grein í hinni nýju heildstæðu sátt. Engar efnisbreytingar eru gerðar á þeirri grein.
60. Við endurskoðun sáttarinnar og útfærslu þessarar greinar (þ.m.t. undirgreina) í hinni nýju heildstæðu sátt hefur efni greinarinnar (þ.m.t. undirgreina) haldið sér í öllum meginatriðum en orðalag hefur tekið breytingum til að gera ákvæðin skýrari og hnitmiðaðri. Einnig hafa átt sér stað breytingar sem leiða af því að sum ákvæði yngri sáttarinnar sem vísað er til í þriðju greininni falla niður í hinni nýju heildarsátt þar sem þau eiga ekki lengur við (t.d. undirgreinar gr. 2.5).
61. Segja má að eina efnisbreytingin á ákvæði 3. gr. sem vert er að nefna feli í sér að í stað þess að kunnáttumaður geri úttekt á framfylgni við sáttina árlega, þá verður Samkeppniseftirlitinu heimilt að fela kunnáttumanni að framkvæma athugun á framfylgni Rapyd Europe við sáttina hvenær sem er á gildistíma hennar. Einu ári eftir að sáttin tekur gildi skal kunnáttumaður þó framkvæma athugun án þess að Samkeppniseftirlitið óski sérstaklega eftir því. Telur Samkeppniseftirlitið að þetta fyrirkomulag tryggi fullnægjandi eftirlit og aðhaldsáhrif.
62. Jafnframt skal það tekið fram að grein 3.3, þar sem kveðið er á um samkeppnisréttaráætlun, verður sjálfstæð grein í hinni nýju heildstæðu sátt í stað þess að vera undirgrein. Hún tekur ekki efnislegum breytingum og er nr. 8 í hinni nýju heildarsátt. Eftirlitsgreinin, sem inniheldur tvær undirgreinar sem lúta að innri úttekt og starfi óháðs kunnáttumanns, er því nr. 7 í hinni nýju heildarsátt.

1.9. Ákvæði gr. 4

63. Í grein 4 er kveðið á um sektir. Valitor efndi þá kvöð skömmu eftir undirritun sáttarinnar og skuldbinda ákvæði greinarinnar Rapyd Europe því ekki. Greinin getur því eðli máls vegna ekki verið hluti af hinni nýju heildstæðu sátt.

1.10. Ákvæði gr. 5

64. Grein 5 felur í sér ákvæði um endurskoðun. Að mati Samkeppniseftirlitsins er eðlilegt að uppfæra greinina samhliða öðrum breytingum á ákvæðum sáttarinnar. Er það sameiginleg niðurstaða að ekki sé kveðið sérstaklega á um endurskoðun sáttarinnar að öðru leyti en því að stjórnarsýslulög skuli gilda um endurskoðun hennar. Endurskoðunarákvæðið í hinni nýju heildarsátt er nr. 9.



1.11. Ákvæði gr. 6

65. Grein 6 er efnislega fjölþætt en þar sem efni hennar lýtur að talsverðu leyti að atriðum sem greinilega hafa ekki lengur þýðingu, er ljóst að unnt er að einfalda viðkomandi kvaðir umtalsvert. Þar af leiðandi flytjast eingöngu efnisákvæði 1. og 2. mgr. yfir í hina nýju heildarsátt. Um er að ræða annars vegar að kvöð um yfirlýsingar viðeigandi starfsmanna Rapyd Europe þess efnis að þeir hafi kynnt sér sáttina og skuldbindi sig til framfylgni við ákvæði hennar. Hins vegar er um að ræða ákvæði þess efnis að brot á skilyrðunum varði viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga. Þessi efnisákvæði koma fram undir gr. 11 í hinni nýju heildarsátt.

2. Niðurstaða endurskoðunar á ákvæðum eldri sáttarinnar

66. Eftir að hafa yfirfarið þau sáttarákvæði sem hvíla á Rapyd Europe samkvæmt ákvörðun nr. 4/2008, með breytingum skv. ákvörðun nr. 34/2008, er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins sú að þær miklu breytingar sem átt hafa sér stað í samkeppnisumhverfinu frá því að sáttin var undirrituð og frá því að þau brot sem vísað er til í sáttinni áttu sér stað, geri það að verkum að málefnagrundvöllurinn fyrir því að viðhalda ákvæðum sáttarinnar sé ekki lengur fyrir hendi í tilviki flestra ákvæða hennar.
67. Þau skilyrði eldri sáttarinnar sem enn hafa þýðingu flytjast yfir í hina nýju heildarsátt og eru samþætt skyldum ákvæðum yngri sáttarinnar sem haldið hafa gildi sínu eftir því kostur er á.

2.1. Varðandi breytingar innan samstæðu Valitors frá því eldri sáttin var gerð

68. Skilyrði eldri sáttarinnar skv. ákvörðun nr. 4/2008 ná til Valitors hf., Valitor Holding hf. og VISA Ísland ehf.
69. Eftir að sáttin var gerð sameinuðust Eignarhaldsfélagið Valitor Holding hf. og Valitor hf. undir nafni Valitors hf. (nú Rapyd Europe hf.). Ekki gerist því þörf fyrir það að fjalla um þýðingu skilyrðanna gagnvart Valitor Holding hf.
70. VISA Ísland ehf., sem skilyrðin ná einnig til, varð dótturfélag Arion banka hf. eftir að Valitor seldi bankanum allt hlutfé sitt í félaginu árið 2018. Samhliða sölu Valitors á hlut sínum í VISA Ísland ehf. færðist aðallegfishald Visa frá VISA Ísland ehf. til Valitors hf. (nú Rapyd Europe hf.).
71. Þar sem VISA Ísland er ekki hluti af samstæðu Rapyd Europe hf. (áður Valitor) og heldur ekki lengur utan um aðalleyfið er ljóslega ekki grundvöllur til að viðhalda neinum skilyrðanna skv. ákvörðun nr. 4/2008 og 34/2008 gagnvart VISA Íslandi.

2.2. Niðurstaða varðandi einstakar greinar eldri sáttarinnar

72. Þau níu sáttarskilyrði sem gilt hafa gagnvart Rapyd Europe (áður Valitor) samkvæmt eldri sáttinni eru talin upp í ákvörðunarorðum ákvörðunar nr. 4/2008. Hér á eftir verður vikið að mati og niðurstöðum Samkeppniseftirlitsins á grundvelli endurskoðunar einstakra ákvæða í ljósi þeirra aðstæðna sem nú ríkja.

2.2.1. Fyrsta skilyrðið

73. Fyrsta skilyrðið hljóðar svo með uppfærðum breytingum skv. ákvörðun nr. 34/2008:

„Valitor Holding, Valitor og VISA Ísland er óheimilt að nota upplýsingar sem félagið býr yfir um söluaðila í viðskiptum við keppinauta til markaðsaðgerða gegn keppinautum.“



74. Þetta ákvæði spratt af því að Valitor hafði nýtt upplýsingar frá útgáfuvinnslusviði til markaðsaðgerða á færsluhirðingarmarkaði. Í yngri sáttinni voru síðan innleiddar kvaðir um aðskilnað milli færsluhirðingar og útgáfuvinnslu til þess að tryggja að Valitor gæti ekki nýtt sér upplýsingar frá útgáfuvinnsluþjónustunni til að öðlast samkeppnisforskot á markaði fyrir færsluhirðingu.
75. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að rétt sé að viðhalda þessu ákvæði eldri sáttarinnar efnislega í hinni nýju heildarsátt enda þótt áður nefndar kvaðir um aðskilnað samkvæmt yngri sáttinni, sem verður viðhaldið í nýrri sátt, lúti að því að tryggja m.a. ofangreint með skipulagslegum hætti. Ákvæðið hefur eftir sem áður áfram sjálfstæða þýðingu enda þótt það tengist aðskilnaðarkvöðinni. Sú niðurstaða hefur orðið ofan á að umorða ákvæðið til þess að afmarka þá verndarhagsmuni sem um ræðir með skýrari hætti. Þannig kemur nú fram með skýrum hætti að bannið vísar til hagnýtingar upplýsinga sem stafa frá útgáfuvinnslu fyrirtækisins.
76. Með breytingum, sem Rapyd Europe hefur samþykkt, hljóðar ákvæðið svo í hinni nýju heildarsátt þar sem það kemur fram undir gr. 2:
- „Rapyd Europe er óheimilt að vinna og nýta viðkvæmar viðskiptaupplýsingar er lúta að keppinautum í færsluhirðingu sem félagið hefur aðgang að og getur unnið úr útgáfukerfum, hvort sem er til markaðsaðgerða eða annarra nota í færsluhirðingarstarfsemi sinni, til að ná samningum við söluaðila sem eru í færsluhirðingarviðskiptum við keppinauta.“*
77. Bannákvæði þetta er samkvæmt framangreindu til þess fallið að koma í veg fyrir að Rapyd Europe geti öðlast forskot í færsluhirðingu á grundvelli hlutverks síns sem útgáfuvinnsluaðili fyrir banka og sparisjóði. Í aðgreindu ákvæði í upphafi nýju heildarsáttarinnar er kveðið á um merkingu ýmissa hugtaka sem fyrir koma í sáttinni. Þar segir að með viðkvæmum viðskiptaupplýsingum sé átt við „færsluhirtar viðskiptafjárhæðir hjá söluaðilum sem eru í færsluhirðingarviðskiptum við keppinauta Rapyd Europe og tengdar upplýsingar, s.s. greidd milligjöld vegna slíkra viðskiptafærslna. Upplýsingar sem unnar hafa verið upp úr slíkum gögnum teljast einnig vera viðkvæmar viðskiptaupplýsingar“.
78. Svo sem framar greinir kemur ákvæðið fram í hinni nýju heildarsátt undir gr. 2.

2.2.2. Annað skilyrði

79. Annað skilyrði eldri sáttarinnar hljóðar svo svo með uppfærðum breytingum skv. ákvörðun nr. 34/2008:
- „Valitor Holding, Valitor og VISA Ísland er óheimilt að beita sértækum verðlækkunum og kjörum gagnvart söluaðilum sem eru í viðskiptum hjá keppinautum félagsins. Þetta skilyrði fellur úr gildi ef Valitor telst ekki lengur í markaðsráðandi stöðu.“*
80. Þetta ákvæði spratt af háttsemi og markaðsráðandi stöðu Valitors í færsluhirðingu fyrir og á þeim tíma sem eldri sáttin var gerð.
81. Eftir undirritun sáttarinnar sveiflaðist hlutdeild fyrirtækisins í færsluhirðingu nokkuð yfir tíma. Samkvæmt úttekt á markaðshlutdeild í færsluhirðingu sem Samkeppniseftirlitið gerði árið 2017, þá var Borgun (nú Teya) með töluvert meiri markaðshlutdeild heldur en Valitor árið 2016. Þegar Samkeppniseftirlitið lagði mat á markaðshlutdeild í tengslum við samruna Rapyd og Valitors á árinu 2021 hafði staðan breyst á ný. Þannig var hlutdeild Valitors og SaltPay (áður Borgun, nú Teya) áþekkt á fyrstu sex mánuðum ársins 2021 en það breyttist eftir að ýmis mjög veltumikil



smásölufyrirtæki færðu sig yfir til Valitors frá SaltPay á síðari hluta ársins 2021. Við samruna Valitors og Rapyd árið 2022 hafði hlutdeild Valitors fyrir vikið aukist mikið á tiltölulega skömmum tíma þannig að hlutdeild fyrirtækisins var komin upp í liðlega 50%. M.a. í þessu ljósi setti Samkeppniseftirlitið það skilyrði fyrir samruna Valitors og Rapyd árið 2022 að sameinað félag seldi frá sér færsluhirðingarsamninga sem stæðu undir meiri hlutdeild en sem nam hlutdeild Rapyd Europe á þeim tíma á markaði málsins. Kaupandi samninganna var Kvika banki hf. Við það minnkaði hlutdeild sameinaðs félags Valitors og Rapyd marktækt undir 50% á smásölustigi færsluhirðingar.¹⁵

82. Eins og rakið er í ákvörðun nr. 13/2022 veitir Rapyd Kviku tímabundið tiltekna þjónustu, einkum á sviði tæknilegrar framkvæmdar og uppgjors gagnvart alþjóðlegu kortafélögunum. Jafnframt felst í þessari þjónustu að Kvika getur starfað tímabundið á grundvelli aðalleyfa samrunaaðila frá alþjóðlegu kortakerfunum. Var litið svo á í ákvörðun nr. 13/2022 að þetta stuðlaði að því að yfirfærsla viðskiptasambandanna og þjónusta Kviku við söluaðila í framhaldinu gengi hnökralaust fyrir sig á umskiptatímabili. Með sátt þeirri er Kvika gerði við Samkeppniseftirlitið samkvæmt ákvörðun nr. 14/2022, *Kaup Kviku banka á færsluhirðingarsamningum af sameinuðu félagi Rapyd og Valitors*, skuldbatt Kvika sig til þess að færa framangreind þjónustukaup sín fyrir tiltekin tímamörk frá samrunaaðilum til annars þjónustuveitanda sem ekki er umsvifamikill færsluhirðir á íslenska markaðnum. Var þetta einnig skilyrt gagnvart Rapyd í ákvörðun nr. 13/2022 og þar af leiðandi í þeim þjónustusamningi sem Kvika og Rapyd gerðu sín á milli í tengslum við kaup Kviku á umræddum færsluhirðingarsamningum.
83. Eins og fram kemur í fréttatilkynningu dótturfélags Kviku, Straums greiðslumiðlunar hf. („Straumur“), dags. 4. janúar 2024, hefur Straumur skrifað undir samstarfssamning við hollenska fjártæknifyrirtækið Adyen um færsluhirðingu og vörubrúun á sviði fjártækni. Mun Adyen taka við viðkomandi þjónustuhlutverki Rapyd gagnvart Kviku á næstunni. Í ljósi sáttanna sem gerðar voru í tengslum við samruna Rapyd og Valitors er brotthvarf Rapyd sem þjónustuveitandi Kviku liður í því að tryggja varanlegt samkeppnislegt sjálfstæði Kviku frá Rapyd. Við þessa yfirfærslu dregur úr markaðsstyrk Rapyd Europe á heildarmarkaði fyrir færsluhirðingu.
84. Samkvæmt þriðja skilyrði eldri sáttarinnar skal það falla úr gildi ef Valitor telst ekki lengur í markaðsráðandi stöðu. Ekki er hér lagt sérstakt mat á það hér hvort Rapyd Europe sé í markaðsráðandi stöðu nú en þar sem vísbendingar eru um að Valitor hafi ekki verið lengur í markaðsráðandi stöðu árið 2016 mætti mögulega líta svo á að skilyrðið hefði átt að falla úr gildi árið 2016 þegar Borgun hafði náð undir sig töluvert meiri markaðshlutdeild en Valitor bjó yfir í færsluhirðingu hjá íslenskum söluaðilum. Ekki kemur fram í eldri sáttinni að ákvæðið skuli taka aftur gildi ef Valitor öðlist aftur markaðsráðandi stöðu.
85. Hafa ber hins vegar í huga í þessu sambandi að fleira hefur áhrif á mat á markaðsráðandi stöðu en markaðshlutdeild. Á þeim grundvelli telur Samkeppniseftirlitið ekki unnt að slá því föstu að ákvæðið hefði átt að falla úr gildi á því tímabili sem Borgun hafði yfir að ráða meiri markaðshlutdeild en Valitor. Jafnframt getur skipt máli að ákvæðið var aldrei fellt úr gildi með formlegum hætti.

¹⁵ Um aðgreiningu sölustiga færsluhirðingar vísast til umfjöllunar í ákvörðun nr. 13/2022, *Samruni Rapyd og Valitors*. Einkum vísast í þessu sambandi til mgr. 270-273 og mgr. 134-136 í téðri ákvörðun. M.a. í mgr. 11 og 12 í umræddri ákvörðun koma einnig fram atriði sem máli skipta í þessu sambandi.



86. Á hinn bóginn standa rök til þess að 11. gr. samkeppnislaga gæti tekið til þess háttar háttsemi sem lýst er í ofangreindu skilyrði eldri sáttarinnar í tilviki markaðsráðandi fyrirtækja.¹⁶ Í því ljósi og þar sem samkvæmt ákvæðinu þarf að liggja fyrir að Valitor (nú Rapyd Europe) teljist markaðsráðandi til að þetta bannákvæði eldri sáttarinnar takmarki hegðun Rapyd Europe, má segja að ákvæðið bæti fremur litlu við þær samkeppnisreglur sem þegar eru í gildi samkvæmt samkeppnislögum.
87. Þá ber að hafa í huga að svo lengi sem áframhaldandi aðskilnaður er fyrir hendi milli færsluhirðingar og útgáfuvinnslu innan Rapyd Europe (eins og hér er lagt upp með) er verulega dregið úr þeirri hættu að Rapyd Europe geti nýtt sér upplýsingar á útgáfuhlið til slíkra sértækra aðgerða sem um getur í ofangreindu ákvæði.¹⁷
88. Loks skal á það bent að Rapyd Europe er þegar þröngur stakkur skorinn til að beita sértækum verðlækkunum á grundvelli fyrsta skilyrðis eldri sáttarinnar sem færast yfir í hina nýju heildarsátt með skýrara orðalagi. Samkvæmt hinu yfirfærða ákvæði er Rapyd Europe óheimilt að vinna og nýta viðkvæmar viðskiptaupplýsingar er lúta að keppinautum í færsluhirðingu sem félagið hefur aðgang að og getur unnið úr útgáfukerfum, hvort sem er til markaðsaðgerða eða annarra nota í færsluhirðingarstarfsemi sinni, til að ná samningum við söluaðila sem eru í færsluhirðingarviðskiptum við keppinauta. Eðli máls samkvæmt standa rök til þess að þetta bannákvæði geti m.a. tekið til hagnýtingar umræddra upplýsinga til að beita sértækum verðlækkunum til að ná samningum við viðskiptavinum keppinauta Rapyd Europe.
89. Með vísan til alls framangreinds er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki séu nægar forsendur til að viðhalda framangreindu 2. skilyrði eldri sáttarinnar. Fellur það því úr gildi án þess að færast yfir í hina nýju heildarsátt með aðgreindum hætti.

2.2.3. Þriðja skilyrðið

90. Þriðja skilyrðið hljóðar svo með uppfærðum breytingum skv. ákvörðun nr. 34/2008:
- „Valitor Holding, Valitor og VISA Ísland er óheimilt að grípa til ómálefnalega aðgerða sem ætlað er að torvela greiðslukortaviðskipti söluaðila sem eru í viðskiptum við keppinauta félagsins.“*
91. Í ákvörðun nr. 4/2008 eru nefnd ýmis dæmi um ómálefnalega mismunun gagnvart PBS/Kortþjónustunni sem var til þess fallin að torvela greiðslukortaviðskipti söluaðila í viðskiptum við félagið. M.a. er nefnt að svonefnd breytileg tímabil hefðu aðeins gilt fyrir söluaðila sem væru í færsluhirðingarviðskiptum við Greiðslumiðlun (síðar Valitor og nú Rapyd Europe) og Kreditkort (síðar Borgun) en ekki fyrir þá sem væru í viðskiptum við PBS/Kortþjónustuna.¹⁸
92. Hin svonefnda Rás-nefnd sem lék stórt hlutverk í þessu sambandi samkvæmt ákvörðun nr. 4/2008 er ekki lengur til staðar og margt annað í markaðsskipulagi færsluhirðingar hefur

¹⁶ Á grundvelli dómaframkvæmdar í ESB/EES rétti geta sértækar verðlækkanir og/eða vildarkjör til viðskiptavina keppinautar talist brot á samkeppnislögum í tilviki markaðsráðandi fyrirtækis ef viðkomandi verð/kjör fela í sér undirverðlagningu og/eða eru liður í markaðsáætlun til að lama eða ryðja keppinauti út af markaði.

¹⁷ Þá takmarkar sátt skv. ákvörðun nr. 13/2022 möguleika Rapyd Europe á því að keppa um viðskipti söluaðila í færsluhirðingu sem færst hafa frá Rapyd Europe til Kviku banka hf. („Kvika“), kaupanda færsluhirðingarsamninganna sem Rapyd Europe skuldbatt sig til að selja samkvæmt sátt þeirri er liggur til grundvallar ákvörðun nr. 13/2022. Gildir sú takmörkun í ákveðinn tíma eftir að Kvika hefur fært tímabundin þjónustukaup sín frá Rapyd Europe. Gera má ráð fyrir að sú þjónustuyfirfærsla hefjist á næstunni því Kvika hefur gert samning við hollenska fjártækniyrirtækið Adyen um að taka við því hlutverki.

¹⁸ Innan vébanda Fjölgreiðslumiðlunar (nú Greiðsluveitan) var starfandi Rekstrarnefnd RÁS-þjónustunnar („Rás-nefndin“) sem skipuð var einum starfsmanni Greiðslumiðlunar (síðar Valitor) og einum starfsmanni Kreditkorts (síðar Borgun) og einum starfsmanni Fjölgreiðslumiðlunar. Við skoðun gagna hjá Fjölgreiðslumiðlun og kortafélögunum kom í ljós alvarlegt samráð sem þessi vettvangur leiddi af sér, m.a. ómálefnalegar aðgerðir gagnvart PBS-Kortþjónustunni.



tekið gagngerum breytingum eins og vikið er að framfar í ákvörðun þessari. Þær aðstæður sem leiddu til innleiðingar á þriðja skilyrði eldri sáttarinnar eru því aðeins til staðar að afar takmörkuðu leyti.

93. Við núverandi aðstæður kæmi helst til greina að Rapyd Europe væri unnt að beita ómálefnalegum aðgerðum gagnvart keppinautum sínum á grundvelli hlutverks síns sem útgáfuvinnsluaðili banka og sparisjóða. Í því máli sem leiddi til ákvörðunar nr. 8/2015, *Breytingar á skipulagi og framkvæmd á greiðslukortamarkaði*, voru t.d. uppi ásakanir um að Valitor leysti úr vandamálum sem upp gætu komið í tengslum við svonefndar boðgreiðslur (skuldfærslur á kort) samstundis fyrir sig en ekki aðra færsluhirða (t.d. ef gildistími korta væri útrunninn og ný kort hefðu tekið við) á grundvelli hlutverks síns sem útgáfuvinnsluaðili fyrir banka og sparisjóði.¹⁹ Vegna þessa var innleitt sérstakt ákvæði í yngri sáttinni sem ætlað er að fyrirbyggja slíka mismunun. Umrætt ákvæði kemur fram í grein nr. 2.6 í yngri sáttinni og telur Samkeppniseftirlitið rétt að samþætta ofangreint þriðja skilyrði eldri sáttarinnar við umrætt ákvæði greinar nr. 2.6 .
94. Í hinni nýju heildarsátt koma sameinuð ákvæði greinar nr. 2.6 í yngri sáttinni og þriðja skilyrðið í eldri sáttinni fram undir gr. 5. Telur Samkeppniseftirlitið að með þessu móti sé umgjörð þeirra verndarhagsmuna sem um ræðir styrkt og skilyrði eldri sáttarinnar fært til samræmis við þær markaðsaðstæður sem nú eru fyrir hendi.

2.2.4. Fjórða skilyrðið

95. Fjórða skilyrðið hljóðar svo með uppfærðum breytingum skv. ákvörðun nr. 34/2008:

„Stjórnarmenn Valitor Holding, Valitor og VISA Íslands skulu ekki vera meðal starfsmanna eða stjórnarmanna hluthafanna, annarra en Kaupþings banka hf., eða meðal starfsmanna og stjórnarmanna félaga undir beinum eða óbeinum yfirráðum hluthafanna, annarra en Kaupþings banka hf., svo lengi sem fleiri en eitt fjármálafyrirtæki er meðal hluthafa. Sama gildir um þá sem eru makar umræddra stjórnarmanna og starfsmanna, skyldir þeim eða mægðir í beinan legg eða systkini þeirra.“

96. Þetta ákvæði á ekki lengur við fremur en ákvæði undirgreina gr. 2.5 í yngri sáttinni því stóru viðskiptabankarnir þrír eiga ekki hlut í Rapyd Europe (áður Valitor).
97. Það er því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ákvæði þetta falli úr gildi.

2.2.5. Fimmta skilyrðið

98. Fimmta skilyrðið hljóðar svo með uppfærðum breytingum skv. ákvörðun nr. 34/2008:

„Valitor Holding, Valitor og VISA Ísland er óheimilt að óska eftir því að Fjölgreiðslumiðlun afli eða miðli hvers konar viðskiptalegum upplýsingum um núverandi eða mögulega keppinauta félagsins. Valitor Holding, Valitor og VISA Ísland er óheimilt að taka við og nýta sér upplýsingar frá Fjölgreiðslumiðlun um keppinauta Valitor Holding, Valitor og VISA Ísland.“

99. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að þetta ákvæði eigi ekki lengur við enda hafa þær markaðsaðstæður sem fjallað var um í ákvörðun nr. 4/2008 og liggja þessu ákvæði til grundvallar tekið stórfelldum breytingum. Þannig er t.d. nokkuð langt síðan Fjölgreiðslumiðlun

¹⁹ Þess má geta að samkvæmt upplýsingum Rapyd Europe berast nú beiðnir um úrlausnir fyrir einstaka færsluhirða frá viðkomandi útgefanda (banka eða sparisjóði) til Rapyd Europe en ekki einstökum færsluhirðum. Það hvernig þessu vikur við breytir þó ekki eðli þeirra verndarhagsmuna sem um ræðir.



(nú Greiðsluveitan) færðist alfarið undir eignarhald Seðlabankans. Telja má útilokað við núverandi aðstæður að Rapyd Europe gæti gefið Greiðsluveitunni fyrirmæli um öflun viðskiptalegra upplýsinga um keppinauta sína, hvað þá að Greiðsluveitan yrði við slíkum fyrirmælum.

100. Það er því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ákvæði þetta falli úr gildi.

2.2.6. Sjötta skilyrðið

101. Sjötta skilyrðið hljóðar svo svo með uppfærðum breytingum skv. ákvörðun nr. 34/2008:

„Stjórnarmenn og starfsmenn Valitor Holding, Valitor og VISA Ísland skulu ekki sitja í stjórnun, nefndum eða ákvörðunarhópum fyrirtækja þar sem fulltrúar íslenskra fjármála- og greiðslumiðlunarfyrirtækja sitja í stjórn, án fyrirfram samþykkis Samkeppniseftirlitsins.“

102. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru ekki lengur efni til að viðhalda þessari takmörkun. Vísast í því sambandi til þess að eignarhald á þáverandi stóru kortafyrirtækjunum tveimur (Valitor og Borgun) er gjörbreytt. Þ.e.a.s. stóru viðskiptabankarnir þrír eiga „kortafyrirtækin“ ekki saman lengur og eiga raunar engan hlut í þeim lengur.

103. Það er því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ákvæði þetta falli úr gildi.

2.2.7. Sjöunda skilyrðið

104. Sjöunda skilyrðið hljóðar svo svo með uppfærðum breytingum skv. ákvörðun nr. 34/2008:

„Valitor Holding, Valitor og VISA Ísland er óheimilt að óska eftir því að Reiknistofa bankanna afli eða miðli hvers konar viðskiptalegum upplýsingum um núverandi eða mögulega keppinauta félagsins. Valitor Holding, Valitor og VISA Ísland er óheimilt að taka við og nýta sér upplýsingar frá Reiknistofu bankanna um keppinauta Valitor Holding, Valitor og VISA Ísland.“

105. Þetta ákvæði endurspeglar þær aðstæður sem voru fyrir hendi á markaðnum þegar ákvörðun nr. 4/2008 var tekin. Þær aðstæður sem nú ríkja að þessu leyti eru mjög breyttar. Rapyd Europe (áður Valitor) er ekki lengur hluthafi í Reiknistofu bankanna og jafnframt eru slík eignatengsl milli Rapyd Europe og núverandi hluthafa Reiknistofunnar sem um ræddi ekki lengur fyrir hendi. Að mati Samkeppniseftirlitsins verður það því að teljast nánast útilokað við núverandi markaðsaðstæður að Reiknistofan myndi verða við slíkum beiðnum frá Rapyd Europe sem vísað er til í þessu skilyrði ef svo ólíklega skyldi vilja til að Rapyd óskaði eftir slíkum upplýsingum.

106. Það er því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ákvæði þetta falli úr gildi.

2.2.8. Áttunda skilyrðið

107. Áttunda skilyrðið hljóðar svo svo með uppfærðum breytingum skv. ákvörðun nr. 34/2008:

„Valitor Holding, Valitor og VISA Ísland skal hætta allri viðskiptalegri samvinnu við keppinauta félagsins. Valitor Holding, Valitor og VISA Ísland geta þó látið á það reyna í sérstöku máli hvort tiltekin samvinna uppfylli skilyrði 15. gr. samkeppnislaga.“

108. Ákvæði þetta þurftu viðkomandi fyrirtæki að uppfylla strax í framhaldi af gerð eldri sáttarinnar og ekkert bendir til annars en að það hafi verið gert. Hefur ákvæðið í því ljósi ekki lengur beina þýðingu.



109. Einnig er rétt að meta ákvæðið í ljósi þeirra breytinga sem átt hafa sér stað á heildarmarkaðnum fyrir greiðslubjónustu frá töku ákvörðunar nr. 4/2008, þ.m.t. á eignarhaldi helstu fyrirtækjanna á markaðnum (brotthvarfi stóru viðskiptabankanna úr eignarhaldi „kortafyrirtækjanna“) og með innleiðingu reglugerðar ESB nr. 2015/751, um milligjöld fyrir kortatengdar greiðslur, sbr. lög nr. 31/2019. Þessar breytingar hafa dregið úr hættunni á samkeppnishamlandi samstarfi aðila.
110. Loks mætti meta ákvæðið með hliðsjón af breytingu löggjafans á 15. gr. samkeppnislaga sem felur í sér að aðilum er sjálfum ætlað að tryggja að samstarf þeirra á milli, sem annars teldist bannað á grundvelli 10. eða 12 gr. samkeppnislaga, samrýmist undantekningarreglu 15. gr. frá bannákvæðum 10 og 12 gr. samkeppnislaga.
111. Með vísan til alls framangreinds er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki séu næg málefnaök fyrir því að viðhalda þessu efnisákvæði. Gilda því almennar reglur samkeppnislaga að þessu leyti.

2.2.9. Niúnda skilyrðið

112. Niúnda skilyrðið hljóðar svo svo með uppfærðum breytingum skv. ákvörðun nr. 34/2008:
- „Stjórnarmenn og hlutaðeigandi starfsmenn Valitor Holding, Valitor og VISA Ísland skulu undirrita sérstaka yfirlýsingu um að þeir muni fara eftir framangreindu.“*
113. Eðli máls samkvæmt var þetta ákvæði uppfyllt í framhaldi af undirritun eldri sáttarinnar og hefur það því ekki lengur þýðingu. Gerð er sambærileg krafa í nýju heildarsáttinni með skírskotun til ákvæða hennar.

III. Niðurlag

114. Eins og fram hefur komið hefur gerð hinnar nýju heildarsáttar m.a. þau áhrif að ákvæði hinna endurskoðuðu sáttu skuldbinda Rapyd Europe ekki lengur. Þess í stað færast þau ákvæði téðra sáttu sem enn hafa þýðingu yfir í hina nýju heildarsátt. Í samræmi við það er tilgreint í grein 10 í nýju heildarsáttinni að allar kvaðir sem hvílt hafa á Rapyd Europe hf. samkvæmt hinum endurskoðuðu sáttum falli úr gildi. Einnig segir í gr. 10 að nýja sáttin samsvari heildarsátt milli Samkeppniseftirlitsins og Rapyd Europe um kvaðir sem hvíla skulu áfram á Rapyd Europe með hliðsjón af endurskoðun umræddra eldri sáttu.
115. Í umfjöllun Samkeppniseftirlitsins hér að framan hefur verið gerð grein fyrir niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins eftir endurskoðun sáttanna tveggja. Telur Samkeppniseftirlitið að hin nýja heildarsátt sem fram kemur hér á eftir í ákvörðunarorðum feli í sér málefnalega niðurstöðu sem m.a. er til þess fallin að tryggja að samkeppni á færsluhirðingarmarkaði raskist ekki vegna tvíhliða hlutverks Rapyd Europe sem færsluhirðir og útgáfuvinnsluaðili. Við endurskoðun sáttarinnar hefur eðli máls samkvæmt einkum verið byggt á sérgreindum samkeppnisréttarlegum málefnaökum en jafnframt verið tekið mið af meðalhófsreglu stjórnisylulaga.
116. Í ákvörðunarorðum hér á eftir kemur hin nýja heildarsátt fram. Var sáttin undirrituð og tók gildi þann 6. maí 2024.



IV. Ákvörðunarorð:

SÁTT

Rapyd Europe hf. við Samkeppniseftirlitið

Samkeppniseftirlitið og Rapyd Europe hf., kt. 500683-0589, Dalshrauni 3, 220 Hafnarfirði, hafa gert með sér eftirfarandi sátt í samræmi við ákvæði a-liðar, 3. mgr., 17. gr. f samkeppnislaga nr. 44/2005 og í samræmi við 22. gr. reglna nr. 880/2005 um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins.

Sátt þessi er byggð á niðurstöðu endurskoðunar á tveimur sáttum sem fyrirrennarar Rapyd Europe hf. (hér eftir „Rapyd Europe“) gerðu við Samkeppniseftirlitið. Annars vegar er um að ræða sátt, dags. 15. desember 2014, sem Valitor hf. gerði við Samkeppniseftirlitið, og hins vegar er um að ræða sátt, dags. 29. nóvember 2007, með breytingum skv. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 34/2008, sem Greiðslumiðlun hf. gerði við Samkeppniseftirlitið. Sátt þessi samsvarar heildarsátt milli Samkeppniseftirlitsins og Rapyd Europe um kvaðir sem hvíla skulu áfram á Rapyd Europe með hliðsjón af endurskoðun framangreindra eldri satta.

1.

Skilgreiningar

- Útgáfubjónusta: Það starfssvið Rapyd Europe sem sinnir sölu, vinnslu og annarri þjónustu við íslenska útgefendur greiðslukorta.
- Viðkvæmar viðskiptaupplýsingar: Með *viðkvæmum viðskiptaupplýsingum* í sátt þessari er átt við færsluhirtar viðskiptafjárhæðir hjá söluaðilum sem eru í færsluhirðingarviðskiptum við keppinauta Rapyd Europe og tengdar upplýsingar, s.s. greidd milligjöld vegna slíkra viðskiptafærslna. Upplýsingar sem unnar hafa verið upp úr slíkum gögnum teljast einnig vera *viðkvæmar viðskiptaupplýsingar*.
- Útgáfukerfi: Með *útgáfukerfum* í sátt þessari er átt við öll hugbúnaðarkerfi og vistaðar rafrænar skrár (e. files) sem eru í notkun á hverjum tíma hjá *útgáfubjónustu* Rapyd Europe.
- Viðkvæm útgáfukerfi Þau *útgáfukerfi* sem innihalda *viðkvæmar viðskiptaupplýsingar*. Hugtakið *útgáfukerfi* í þessu sambandi tekur ekki aðeins til hugbúnaðarkerfa heldur einnig til rafrænna skráa sem innihalda *viðkvæmar viðskiptaupplýsingar* sem hafa e.a. verið unnar upp úr viðkomandi hugbúnaðarkerfum.
- Rapyd Iceland: Það starfssvið sem sinnir sölu og *markaðsstarfi* vegna færsluhirðingarþjónustu Rapyd Europe. Svo sem kveðið er á um í 3. gr. skal það aðskilið frá öðrum starfssviðum Rapyd Europe. Með *sölu og markaðsstarfi* í þessu sambandi er átt við samskipti og samningagerð *Rapyd Iceland* við íslenska söluaðila vegna færsluhirðingar, þ.m.t. ákvörðun um verðlagningu fyrir þjónustuna.
- Íslenskir söluaðilar: Söluaðilar sem eru með skráð aðsetur og rekstur á Íslandi.



Rapyd útgáfa: Þeir starfsmenn Rapyd Europe (og verktakar) sem nauðsynlega þurfa aðgengi að viðkvæmum útgáfukerfum vegna starfa sinna við útgáfustarfsemi félagsins.

2.

Bann við hagnýtingu viðkvæmra viðskiptaupplýsinga úr útgáfukerfum í færsluhirðingu

Rapyd Europe er óheimilt að vinna og nýta viðkvæmar viðskiptaupplýsingar er lúta að keppinautum í færsluhirðingu sem félagið hefur aðgang að og getur unnið úr útgáfukerfum, hvort sem er til markaðsaðgerða eða annarra nota í færsluhirðingarstarfsemi sinni, til að ná samningum við söluaðila sem eru í færsluhirðingarviðskiptum við keppinauta.

3.

Aðskilnaður sölu- og markaðsstarfs færsluhirðingar frá annarri starfsemi

Til styrkingar bannákvæðis 2. gr. og í því skyni að draga almennt úr hættu á samkeppnishömlum sem stafað geta af rekstri bæði færsluhirðingar og útgáfubjónustu innan Rapyd Europe skuldbindur Rapyd Europe sig til að grípa til sérstakra ráðstafana er lúta að aðskilnaði innan Rapyd Europe. Er þessum aðgerðum einkum ætlað að vinna gegn því að hlutverk Rapyd Europe sem vinnsluaðila í útgáfu greiðslukorta héraendis skapi fyrirtækinu óeðlilegt samkeppnisforskot gagnvart keppinautum í færsluhirðingu. Er í þessu sambandi tekið mið af því að útgáfubjónusta Rapyd Europe tekur til tveggja af stóru viðskiptabönkunum þremur auk sparisjóða.

Á þessum grundvelli skal innan Rapyd Europe greint með skýrum hætti á milli annars vegar sölu og markaðsstarfs fyrir færsluhirðingarbjónustu (Rapyd Iceland) og hins vegar annarrar starfsemi, einkum og sér í lagi útgáfubjónustu.

3.1

Aðskilnaður innan Rapyd Europe og heildarstefna

Starfsemi Rapyd Iceland og útgáfubjónustu Rapyd Europe skal vera aðskilin eins og nánar kemur fram hér.

Viðskiptastefna Rapyd Iceland skal mótuð með sjálfstæðum hætti. Með sama hætti skal viðskiptastefna vegna útgáfubjónustu Rapyd Europe mótuð sjálfstætt frá viðskiptastefnu Rapyd Iceland. Byggt skal á almennum rekstrarlegum forsendum hvað varðar þá bjónustu sem boðin er, aðgengi að henni, gæði hennar og verðlagningu.

Í kostnaðarútreikningum, söluaðgerðum, verðlagningu og skilmálum skal útgáfustarfsemi Rapyd Europe innanlands annars vegar og starfsemi Rapyd Iceland hins vegar vera aðgreindar hvor frá annarri. Tekið skal tillit til þessa í samningum og reikningagerð til viðskiptavina þannig að sala á færsluhirðingu annars vegar og útgáfubjónustu hins vegar séu aðgreindar og óháðar hvor annarri í verði og skilmálum.

Ákvæði sáttarinnar hafa ekki áhrif á heimild Rapyd Iceland og útgáfubjónustu Rapyd Europe til að sækja sér almenna stoðbjónustu til þeirra sviða innan Rapyd Europe sem sinna eingöngu stoðbjónustu, að því gefnu að farið sé að ákvæðum sáttar þessarar um aðskilnað að öðru leyti.



3.2

Raunlægur aðskilnaður Rapyd Iceland og útgáfustarfsemi

Starfsemi Rapyd Iceland skal fara fram í aðskildu vinnurými. Tryggt skal að starfsmenn Rapyd Iceland hafi ekki aðgang að vinnurými Rapyd Europe vegna annarrar starfsemi, einkum og sér í lagi útgáfubjónustu.

Tryggt skal að Rapyd Iceland og önnur starfsemi Rapyd Europe, þ.m.t. útgáfubjónusta, nýti ekki sömu jaðartæki, s.s. prentara og ljósritunarvélar.

Jafnframt skulu starfsmenn Rapyd útgáfu ekki nýta sömu jaðartæki og aðrir starfsmenn Rapyd Europe.

3.3

Aðgangur að rafrænum upplýsingum

Tryggt skal að aðgangur Rapyd Iceland að viðskiptatengdum upplýsingum í tölvukerfum Rapyd Europe takmarkist við upplýsingar um þá söluaðila sem Rapyd Iceland bjónustar.

Rapyd Europe skal með fullnægjandi aðgerðum tryggja að aðgengi að hvers konar hugbúnaðarkerfum og rafrænum skráum sem innihalda viðkvæmar viðskiptaupplýsingar, sé einungis veitt þeim starfsmönnum Rapyd Europe (og verktökum) er nauðsynlega þurfa aðgengi vegna starfa sinna við útgáfubjónustu. Vísað er til þessa starfshóps sem *Rapyd útgáfa* í sáttinni, sbr. 1. gr.

Rapyd Europe skal tryggja sérstaklega að starfsmönnum Rapyd Iceland verði ekki veittur né geti öðlast aðgang að hugbúnaðarkerfum og rafrænum skráum, sem innihalda viðkvæmar viðskiptaupplýsingar.

Framangreint skal m.a. tryggt með rekjanlegri aðgangsstýringu að *viðkvæmum útgáfukerfum* (sbr. skilgreiningu í 1. gr.).

3.4

Vernd og miðlun upplýsinga

Rapyd Europe skal með fullnægjandi aðgerðum tryggja að viðkvæmar viðskiptaupplýsingar sem skráðar eru í hugbúnaðarkerfum og rafrænum skráum Rapyd Europe fyrir útgáfubjónustu sem og upplýsingar sem unnar eru úr gögnum í áður nefndum kerfum, hvort sem þær eru á tölvutæku formi eða útprentaðar, geti ekki borist aðilum sem vinna hjá Rapyd Iceland.

Í þessu skyni skulu allar rafrænar skrár sem unnið er með hjá Rapyd útgáfu og innihalda viðkvæmar viðskiptaupplýsingar vistaðar á tölvudrifi sem einungis starfsmenn Rapyd útgáfu skulu hafa aðgang að. Jafnframt skulu útprentuð gögn og skýrslur Rapyd útgáfu varðveitt í læstum skápum sem eingöngu starfsmenn Rapyd útgáfu skulu hafa aðgang að.

Vinnsla upplýsinga upp úr útgáfukerfum skal eingöngu vera á færi starfsmanna Rapyd útgáfu og í þágu hlutaðeigandi útgefenda greiðslukorta. Heimilt skal þó að vinna upplýsingar sem ætlaðar eru til opinberrar birtingar enda sé sú vinnsla ekki í andstöðu við hagsmuni útgefenda eða samkeppnislög.

Einnig skal tryggt að upplýsingar úr útgáfukerfum berist ekki á milli viðskiptavina útgáfubjónustu.



Starfsmönnum Rapyd útgáfu skal óheimilt að miðla viðkvæmum viðskiptaupplýsingum til Rapyd Iceland og að greina þeim sem vinna hjá Rapyd Iceland frá fyrirspurnum eða umsóknum annarra færsluhirða sem til Rapyd Europe berast. Sama gildir að breyttu breytanda um stjórnendur og starfsmenn annara sviða sem hafa slíkar upplýsingar vinnu sinnar vegna.

Aðilum sem vinna hjá Rapyd Iceland er óheimilt að taka við eða óska eftir viðkvæmum viðskiptaupplýsingum frá Rapyd útgáfu.

3.5

Innri reglur og undirritun trúnaðaryfirlýsinga

Rapyd Europe skal kveða á um, með innri reglum um aðskilnað og með trúnaðaryfirlýsingum starfsmanna, að vinnsla viðskiptalegra upplýsinga skv. gr. 3.4 skuli eingöngu framkvæmd í þágu hlutaðeigandi útgefanda greiðslukorta og e.a. til opinberrar birtingar. Jafnframt skal áréttað að slíkar upplýsingar skuli ekki berast frá Rapyd útgáfu til Rapyd Iceland. Það skal vera á ábyrgð stjórnar Rapyd Europe að ganga frá trúnaðaryfirlýsingum gagnvart þeim starfsmönnum sem aðgang hafa að viðkvæmum viðskiptaupplýsingum.

Starfsmenn Rapyd útgáfu og starfsmenn Rapyd Iceland skulu einnig undirrita sérstaka yfirlýsingu þar sem fram kemur að þeir hafi kynnt sér fyrirmæli sáttar þessar, m.a. um aðskilnað Rapyd Iceland og bann við upplýsingamiðlun frá Rapyd útgáfu til Rapyd Iceland. Einnig að þeir skuldbindi sig til að starfa í samræmi við fyrirmæli þessarar sáttar.

3.6

Önnur almenn ákvæði viðvikjandi aðskilnaði

Verkferlar og samskipti stoðsviða og yfirstjórnar Rapyd Europe við starfsmenn Rapyd útgáfu og starfsmenn Rapyd Iceland skulu taka mið af þeim aðskilnaði starfseminnar sem áskilinn er í sátt þessari þannig tryggt sé að viðkvæmar viðskiptaupplýsingar berist ekki Rapyd Iceland gegnum þriðja aðila innan fyrirtækisins.

Yfirstjórn Rapyd Europe og starfsmönnum stoðsviða, sem öðrum starfsmönnum Rapyd Europe, er óheimilt að miðla viðkvæmum viðskiptaupplýsingum til Rapyd Iceland.

4.

Jafnræðis gætt gagnvart útgefendum

Rapyd Europe skal tryggja að viðskiptalegar upplýsingar sem tengjast einum viðskiptavini fyrirtækisins í útgáfubjónustu berist ekki öðrum viðskiptavinum fyrirtækisins á þessu sviði.

Rapyd Europe er óheimilt að mismuna útgefendum hvað varðar útgáfubjónustu. Með mismunun er átt við ómálefnalegar viðskiptalegar hindranir sem fela í sér að jafnræði viðskiptavina er ekki virt.

5.

Jafnræði færsluhirða við úrlausn vandamála á vettvangi útgáfubjónustu

Sem útgáfubjónustuaðila er Rapyd útgáfu óheimilt að viðhafa ómálefnalegar aðgerðir sem torvela færsluhirðingarbjónustu keppinauta. Starfsmönnum Rapyd útgáfu skal þannig m.a. óheimilt að mismuna færsluhirðum um úrlausn vandamála sem upp kunna að koma og leysa þarf á vettvangi útgáfubjónustu Rapyd Europe. Keppinatar Rapyd Europe í færsluhirðingu skulu samkvæmt þessu njóta málefnalegs jafnræðis á við færsluhirðingu Rapyd Europe við úrlausn slíkra vandamála. Skiptir ekki máli í þessu sambandi hvort beiðni um úrlausn berist frá



útgefanda fyrir hönd viðkomandi færsluhirða. Tryggt skal að upplýsingar tengdar slíkum úrlausnum berist ekki til Rapyd Iceland.

6.

Bann við samræmingu þóknana með útgefendum greiðslukorta

Rapyd Europe skal ekki eiga aðild að beinni eða óbeinni samræmingu þóknana af neinu tagi með útgefendum greiðslukorta. Rapyd Europe skal þannig m.a. ekki eiga aðild að beinni eða óbeinni samræmingu viðskiptakjara korthafa, hverju nafni sem kunna að nefnast, með útgefendum greiðslukorta.

Hlítni við reglugerð ESB nr. 2015/751, um milligjöld fyrir kortatengdar greiðslur, sbr. lög nr. 31/2019 fellur ekki undir þetta ákvæði. Jafnframt tekur bann 1. mgr. ekki til hlítni sem ekki er unnt að komast hjá við almenna skilmála eða reglur Visa Inc. eða Mastercard Inc. Þarf Rapyd Europe að geta sýnt fram að slíkt sé óhjákvæmilegt ef það kæmi til skoðunar hjá Samkeppniseftirlitinu.

7.

Eftirlit o.fl.

Rapyd Europe skal grípa til eftirfarandi ráðstafana til að tryggja að farið sé að þeim fyrirmælum sem hvíla á fyrirtækinu á grundvelli samkeppnislaga.

7.1

Innri úttekt

Við lok hvers reikningsárs skal fara fram úttekt öryggisstjóra Rapyd Europe á því hvort fyrirmælum um aðskilnað í sátt þessari hafi verið fylgt. Úttektin skal sérstaklega fela í sér könnun á því hvort aðgangur starfsmanna að vinnurýmum og tölvukerfum hafi verið í samræmi við fyrirmæli sáttarinnar. Úttektin skal unnin undir umsjón og á ábyrgð stjórnar og skal birta hana óháðum kunnáttumanni.

Ef enginn öryggisstjóri er til staðar hjá Rapyd Europe getur Forstjóri Rapyd Europe tilnefnt öryggisstjóra sem fer með verkefni skv. 1. mgr. og skal nafn hans og viðeigandi upplýsingar koma fram í áætlun skv. 8. gr. Öryggisstjóri skal hafa viðeigandi hæfni, þekkingu og reynslu til að fara með verkefnið.

7.2

Óháður kunnáttumaður og upplýsingaskylda

Rapyd Europe skal, innan tveggja mánaða frá undirritun sáttar þessarar, tilnefna óháðan kunnáttumann til að sinna eftirliti með því að skilyrðum sáttarinnar sé fylgt eftir. Samkeppniseftirlitið skipar kunnáttumann sem uppfyllir sérstök og almenn hæfnisskilyrði þessarar sáttar, sbr. einnig verklagsreglur eftirlitsins um óháða eftirlitsaðila.

Skal kunnáttumaður vera óháður svo sem áður segir og hafa þekkingu sem gerir honum kleift að annast hlutverk sitt. Kunnáttumaður telst óháður ef hann er ekki starfsmaður eða stjórnarmaður hjá Rapyd Europe eða eiganda félagsins, er ekki maki stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra (forstjóra) hjá framangreindum aðilum eða skyldur þeim í beinan legg. Einnig telst kunnáttumaður óháður ef hann er ekki verulega háður framangreindum aðilum í störfum sínum. Þeir sem t.d. sinna reglubundið hagsmunagæslu og/eða ráðgjafarstörfum fyrir



framangreinda aðila og hafa umtalsverðan hluta tekna sinna af viðskiptum við þá uppfylla ekki þetta skilyrði.

Óháði kunnáttumaðurinn skal fá greitt frá Rapyd Europe fyrir störf sín á hátt sem hefur hvorki áhrif á sjálfstæði hans eða skilvirkni starfa hans. Skal Rapyd Europe tryggja, eða sjá til þess að tryggt verði, að viðkomandi aðili njóti nægilegra heimilda og sjálfstæðis til þess að geta framkvæmt eftirlit sitt með árangursríkum og trúverðugum hætti. Skal óháður kunnáttumaður m.a. hafa óhindraðan aðgang að öllum gögnum og upplýsingum sem honum eru nauðsynlegar til þess að framkvæma eftirlit sitt.

Í meginatriðum skal hlutverk kunnáttumanns vera eftirfarandi:

- a) Hafa eftirlit með því að einstök fyrirmæli sáttarinnar séu virt.
- b) Yfirfara innri úttekt öryggisstjóra og staðfesta hvort hún hafi verið fullnægjandi.
- c) Leggja sérstakt mat á hvort Rapyd Europe hafi gripið til fullnægjandi ráðstafana í því skyni að tryggja að markmið og skilyrði varðandi aðskilnað nái fram að ganga.
- d) Greina Samkeppniseftirlitinu frá því ef hann verður var við að skilyrði sáttar þessarar kunni að hafa verið brotin eða vísbendingar séu um að markmið hennar séu ekki að ná fram að ganga.

Einu ári eftir að sátt þessi tekur gildi skal kunnáttumaður framkvæma athugun á því hvort að skilyrðum þessarar sáttar sé framfylgt og upplýsa Samkeppniseftirlitið um athugun sína. Eftir það er Samkeppniseftirlitinu heimilt að fela kunnáttumanni að framkvæma athugun á framfylgni Rapyd Europe við sátt þessa hvenær sem er á gildistíma hennar. Slík úttekt skal þó ekki fara oft fram en einu sinni á ári.

Rapyd Europe skal veita kunnáttumanni þær upplýsingar sem hann óskar eftir og hann telur varða framangreint eftirlit sitt. Kunnáttumaður skal undirrita yfirlýsingu um að hann muni gæta trúnaðar um viðkvæmar upplýsingar sem honum eru láttnar í té. Trúnaðarskyldan tekur ekki til upplýsingagjafar kunnáttumanns til Samkeppniseftirlitsins vegna hlutverks hans samkvæmt sáttinni.

8.

Samkeppnisréttaráætlun

Þau fyrirmæli sem felast í sátt þessari skulu vera kynnt fyrir starfsmönnum Rapyd Europe, hluthöfum og hlutaðeigandi stjórnarmönnum.

Rapyd Europe skal tryggja að allir stjórnarmenn, stjórnendur og hlutaðeigandi starfsmenn séu að fullu upplýstir um þær kröfur sem samkeppnisreglur gera til starfsemi fyrirtækja á samkeppnismarkaði. Þá skal tryggt í þessu sambandi:

- Að innleidd verði samkeppnisréttaráætlun fyrir Rapyd Europe og Rapyd Iceland.
 - Samkeppnisréttaráætlunin sé m.a. til þess fallin að tryggja að viðkomandi starfsmenn og stjórnendur fari að þeim fyrirmælum sem koma fram í þessari sátt.
 - Tryggt verði m.a. eftir föngum að viðkomandi stjórnendur og starfsmenn grípi ekki til samskonar aðgerða og talin hafa verið ólögðmæt í eldri samkeppnismálum er varða Valitor og fyrirrennara þess félags.



- Sérstaklega sé m.a. vikið að mikilvægi þess að virða ákvæði er lúta að viðkvæmum viðskiptaupplýsingum sem er að finna í útgáfukerfum Rapyd Europe.
- Að skipulögð fræðsla um samkeppnisreglur fari fram reglulega hjá félaginu fyrir hlutaðeigandi starfsmenn.

9. Endurskoðun

Stjórnsýslulög gilda um endurskoðun sáttarinnar.

10. Niðurfelling bindandi ákvæða tveggja eldri sáttar

Frá og með gildistöku sáttar þessarar, falla úr gildi öll ákvæði sem fela í sér kvaðir sem hvílt hafa á Rapyd Europe vegna annars vegar sáttar, dags. 15. desember 2014 á milli Samkeppniseftirlitsins og Valitors hf. (nú Rapyd Europe), sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2015, *Breytingar á skipulagi og framkvæmd á greiðslukortamarkaði*, og hins vegar vegna sáttar á milli Greiðslumiðlunar hf.(síðar Valitor hf. og nú Rapyd Europe) og Samkeppniseftirlitsins dags. 29. nóvember 2007, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008, með breytingum skv. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 34/2008.

Samkeppniseftirlitið staðfestir að sáttin samsvarar heildarsátt milli Samkeppniseftirlitsins og Rapyd Europe um kvaðir sem hvíla skulu áfram á Rapyd Europe með hliðsjón af endurskoðun framangreindra eldri sáttar.

11. Kynning o.fl.

Forstjóri Rapyd Europe og stjórnarmenn skulu undirrita yfirlýsingu um að þeir hafi kynnt sér sátt þessa og skuldbindi sig til framfylgni við ákvæði hennar. Þá skulu helstu stjórnendur félagsins og aðrir viðeigandi starfsmenn undirrita yfirlýsingu sama efnis. Í þessum yfirlýsingum skal taka fram hverju það varði ef starfsmaður eða stjórnarmaður fer gegn sátt þessari. Þessar yfirlýsingar eru til viðbótar þeim sem þegar hafa verið tilgreindar í sátt þessari.

Brot á þessum skilyrðum varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga.

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson